

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Laugaveg 51;
2. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Njálsgötu 4;
3. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Kambsveg 6;
4. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Bræðraborgarstíg 5;
5. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Sólheima 27.
Bílastæði er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
6. að Hafnarstræti og Kolasund frá Kolasundi að Pósthússtræti verði vistgata.
Vistgata er táknuð með umferðarmerkinu D14.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
7. að merkt verði gangbraut yfir Seljabraut norðvestan Engjasels.
Gangbrautin er táknuð með umferðarmerkinu D02.11 og yfirborðsmerkingu (M13), samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
8. að tvö bifreiðastæði við Stórholt næst Rauðarárstíg verði merkt utanríkisráðuneyti frá kl. 08.00 til 18.00 alla virka daga.
Merkingin verði samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
9. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir biðstöð hópbifreiða „safnstæði“ við Rauðarárstíg, framan við Center Hotel Miðgarð.
Biðstöðin verði merkt með umferðarmerkinu D09.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 29. júní 2018.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. júlí 2018